

Staðfesting forsetans á skipulagsskrá fyrir Sjóð Níelsar Dungals prófessors, útgefin á venjulegan hátt ad mandatum af dómsmálaráðherra 1. nóvember 1971.
Skipulagsskráin er þannig:

Skipulagsskrá fyrir Sjóð Níelsar Dungals prófessors.

1. gr.

Sjóðurinn heitir Sjóður Níelsar Dungals prófessors. Sjóðurinn er stofnaður með framlagi frá Rannsóknarstofu Háskólans í meina- og sýklafræði, og fær árlegar tekjur frá þeiri stofnun samkvæmt ákvörðun hlutaðeigandi stjórnvalda hverju sinni.

2. gr.

Sjóðurinn er eign Háskóla Íslands, og er varzla hans og ávöxtun í höndum rektors og háskólaráðs samkvæmt þeim almennu reglum, er gilda um sjóði Háskólans.

3. gr.

Stjórn sjóðsins er skipuð þremur mönnum, prófessorum í meinafræði við Háskóla Íslands, sem er formaður stjórnarinnar, einum manni er læknadeild tilnefnir og öðrum er háskólaráð nefnir til.

4. gr.

Tilgangur sjóðsins er að bjóða til fyrirlestrahalds við Háskóla Íslands íslenzkum eða erlendum fræðimönnum, og skulu fyrirlestrarnir tengdir nafni prófessors Níelsar Dungals.

5. gr.

Reikningar sjóðsins skulu endurskoðaðir og birtir með sama hætti og reikningar annarra háskólasjóða.

6. gr.

Leita skal staðfestingar forseta Íslands á skipulagskrá þessari.